

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK



Reykjavík, 10. apríl 2014

Efni: Umsögn um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, 484. mál.

Efni frumvarpsins er annars vegar að heimila úttekt viðbótar lífeyrissparnaðar á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, til greiðslu inn á veðlán sem tekin voru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota og hins vegar að heimila ráðstöfun iðgjalda á sama tímabili til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota (húsnæðissparnað). Útgreiðslurnar teljist ekki til tekna og verði því skattfrjálsar. Í greinargerð með frumvarpinu eru heildargreiðslur vegna iðgjalda sem greiðist inn á húsnæðislán áætlaðar 47-61 milljarðar króna og vegna húsnæðissparnaðar 7-13 milljarðar króna, eða samtals 54-74 milljarðar króna. Þessi úrræði koma til viðbótar svokölluðum leiðréttingarlánnum sem ætlað er að færa verðtryggð húsnæðislán niður í áföngum um 13% á framangreindu tímabili, um alls 80 milljarða króna.

Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að 2% mótframlag launagreiðenda er kjarasamningsbundið. Skattfrjáls viðbótarlífeyrissparnaður og mótframlag launagreiðenda er ætlað að mæta hluta þess tekjutaps sem fólk verður fyrir þegar taka lífeyris hefst og auka sveigjanleika við tímasetningu hans. Tekjutap starfsfólks á almennum vinnumarkaði er um eða yfir 50% miðað við 40 ára starfsævi og lokalaun viðkomandi. Þá var mótframlagi launagreiðenda upphaflega ætlað að mæta þeim mun sem var á lífeyrisréttindum á almennum og opinberum vinnumarkaði. Viðbótarlífeyrissparnaðurinn er einnig viðleitni til þess að hver kynslóð standi að mepstu á eigin fótum hvað eftirlaun varðar, og leggi sitt af mörkum með greiðslu skatta, og jafnframt minnki hlutur almannatrygginga jafnt og þétt með auknum lífeyrisréttindum. Viðbótarlífeyrissparnaðurinn er því þáttur í sjálfbærum og ábyrgum ríkisfjármálum til framtíðar.

Samtök atvinnulífsins hafa því áhyggjur af þeirri viðleitni sem ríkjandi hefur verið undanfarin ár að höggva skörð í viðbótarlífeyrissparnaðinn og hvetja Alþingi til þess að láta staðar numið. Ef vilji er til þess að taka upp húsnæðissparnaðarreikninga með skattfríðindum er nærtækara að gera það án þess að skerða lífeyri og skattgreiðslur í framtíðinni.

Þá hafa SA áhyggjur af þenslu og verðbólgu sem fylgja mun aðgerðunum. Að mati Seðlabankans samsvara aðgerðirnar 8,5% af landsframleiðslu, 15,5% af einkaneyslu og 17,5% af ráðstöfunartekjum ársins 2013. Laust fé í umferð eykst og launakostnaður atvinnurekenda hækkar. Aðgerðirnar munu leiða til þess að innflutningur eykst, viðskiptajöfnuður verði 1,2-1,4% lakari en ella, þrýstingur myndist á gengi krónunnar til lækkunar og að kröftugri innlend eftirspurn leiði til meiri verðbólguþrýstings. Verðbólga á næsta ári verði 0,2% meiri í grunnþæmi bankans og 0,4% meiri árin 2016-2017. Vegna þessa muni vextir hækka og verði 1% hærrí en ella árin 2016-2018.

Um þessa framreikninga á grundvelli haglíkana Seðlabankans eru skiptar skoðanir. Til að mynda telur efnahagssvið SA að efnahagsáhrifin verði minni en Seðlabankinn, en þó umtalsverð. Í ljósi þess að áhrif aðgerðanna á verðbólgu stefna verðbólguþrýstingnum í hættu næstu árin er óhjákvæmilegt að fjárlögum næstu ára verði beitt til mótvægis og þau verði aðhaldssamari en ella.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannor G. Sigurðsson